


Greining mynda í Skilaboðaskjóðunni eftir lyklum Moebiusar



„Putti!“ Maddamamma kom stíkanandi elfir
sögðesvígna með ræðu ríða í kinnunum.
„Ertu genginn af góðlunum strákanna að sparka
Dreitli svo að niður og öðrenka nýju
staðhúsnæðinguna?“
Putti lét sítt sár niður ír teinu. „Elsku
Maddamamma, ég var bara að leita að gulleppi og
rúttuglum eins og þú ert á milli á milli. Og
einnhvern þegar ég sé einn fúll, kúla, þá bræmði
greinin sem ég stóð á, hún slapp... og ég ætlaði
ekki að sýna þu í Dreitli...“

Þessi mynd er vinstra megin á opnunni í bókinni.

Þarna er Putti fyrir miðri mynd og frekar lítil sem sýnir að hann er ekki alveg öruggur með sig.

Þarna er Maddamamma sterkari/öruggari persóna. Litirnir eru fremur hlýir þannig að það er ekki beinlínis ógn í myndinni en þó eru trén dökkleit og með óttasvip sem bendir til þess að eitthvað sé að fara að gerast (hinum megin á opnunni sést í skugga nátttrölsins). Grænu lafin og bjartur skógarstígurinn, sem og bjartlit fót sögupersónanna benda til öryggis og vellíðunar.


Dreitill er lítil í hægra horninu sem getur táknað

veika stöðu og þar sem Putti hrinti Dreitli óvart, má til sanns vegar færa að Dreitill sé ekki beint í sterkri stöðu.




Putti get ekki henti að hope um það sem Dreitill
hafi sagt um Nátttröll. Þegar hann var tröttur
með kvíðinum sínu sagði hann:
„Maddamamma, af hverju leikjum við aðrir í
minnum ævintýrum? Ég vil fjá að þetta sé við vaxandi
stjörpunu, og seja steina í magnum í öllum og
leika á nomina eins og þú ert í þessum. Og
ég ætla.“ og nú varð Putti ógryggt í þannig, „að
þetta Nátttröllin er í sölinu svo að það verði að
steini!“
„Nei, hætta nú Putti,“ sagði Maddamamma.
„Þú veist að okkur nægir alveg að vera ævintýrin
eða heyr þau. Rauveruleg ævintýri geta verið
hættuleg.“
En Putti heyrði ekki nýð af því sem
Maddamamma sagði. Hann var þyrjóður að gera
mikilvæga ákvarðun. Áttum um ævintýri


Bjartir og hlýir litir enda er þetta á heimili Putta og Möddumömmu þar sem hlýja og öryggi eru ríkjandi. Maddamamma er fremur stór á myndinni og þau bæði fyrir miðju sem þýðir að þau, og sérstaklega hún, hafa stjórn á aðstæðum.



Litaskilin segja okkur ákveðna sögu þarna. Það líður að nóttu og Putti er að skipuleggja ævintýri. Ljosi og bjarti liturinn er vinstra megin þar sem Maddamma og öryggið eru. Liturinn breytist yfir í grænt og síðan kaldan bláan lit sem er yfir Putta og herbergi hans sem segir okkur að eitthvað sé að fara að gerast, að ferðin verði ekki hættulaus. Þarna eru líka vísanir í önnur ævintýri eins og myndin af Rauðhettu sem hangir á veggnum, en Rauðhetta óhlýðnaðist einmitt mömmu sinni og fór í gegnum skóginn, og opin bókin sem liggur á stólnum sem er líkt og fyrirboði um ferð inn í ævintýrið.



Hér er Putti að stelast út í skóginn og hér er kald, blái liturinn ríkjandi. Nokkuð óöryggi er í uppsiglingu og sést það m.a. á litnum en ekki síður stærð Putta. Enn er hann þó ekki neitt sérstaklega óöruggur, heldur spenntur, eins og svipurinn á andliti hans og staðsetningin vinstra megin gæti gefið til kynna. Dýrunum virðist ekki öllum lítast á þetta ferðalag Putta. Við sjáum síðan Putta aftur á leið inn í skóginn og vitum að líklega er hann á leið í vandræði fyrst hann er sýndur tvisvar á sömu síðunni.



Hér er gott dæmi um að stærð og staðsetning persónu á myndinni sýni styrk hennar. Hér er nátttröllíð með stjórn á öllum aðstæðum enda gnæfir það yfir trén og Putta sem er agnarsmár og sést bara að hluta, neðarlega á síðunni. Sjónarhornið er hjá Putta þar sem við horfum líka upp eftir tröllinu eins og hann, sem gerir tröllíð enn ógnvænlegra. Litirnir eru fremur dökkir og benda til ógnar og hræðslu.



Hér eru Maddamma, Dreitill og skilaboðaskjóðan í aðalhlutverki við að reyna að opna hellinn og plata tröllíð út. Þau eru fyrir miðju og athyglin beinist fyrst að þeim. Skv. Moebiusi er persóna hægra megin á síðunni oft í óöruggari stöðu en aðrir vegna þess að hún er oft á leið inn í næstu opnu og það á svo sannarlega við hér. Dreitill er þar neðstur og bendir yfir á næstu síðu með samblandi af ögrun og hræðslu í svipnum. Í textanum sjáum við hann er að narra tröllíð út.